

Borgarráð

Stýrihópur um mótun stefnu um hjólabrettaiðkun í Reykjavík

Hjálögð drög að erindisbréfi stýrihóps um mótun stefnu um hjólabrettaiðkun í Reykjavík eru lögð fram til samþykktar. Hlutverk stýrihópsins er að gera tillögu að stefnu um hjólabrettaiðkun í Reykjavík.

Greinargerð:

Á fundi borgarstjórnar þann 5. september 2017 var samþykkt tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að unnin verði stefnumótun um hjólabrettaiðkun í borginni. Í greinargerð með tillögunni segir að ekki sé ljóst hver sé framtíðarstefna Reykjavíkurborgar varðandi hjólabrettamenningu í borginni. Gagnrýnt hafi verið að hjólabrettaiðkendur séu oft á hrakhólum, vetraraðstaða sé ekki til staðar og þjónusta við hópinn sé ítrekað í formi skammtímalausna.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Drög að erindisbréfi stýrihóps um mótun stefnu um hjólabrettaiðkun í Reykjavík.

ERINDISBRÉF

Stýrihópur um mótun stefnu um hjólabrettaiðkun í Reykjavík

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Á fundi borgarstjórnar þann 5. september 2017 var samþykkt tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um að unnin verði stefnumótun um hjólabrettaiðkun í borginni. Í greinargerð með tillögunni segir að ekki sé ljóst hver sé framtíðarstefna Reykjavíkurborgar varðandi hjólabrettamenningu í borginni. Gagnrýnt hafi verið að hjólabrettaiðkendur séu oft á hrakhólum, vetraraðstaða sé ekki til staðar og þjónusta við hópinn sé ítrekað í formi skammtímalausna.

Hlutverk:

Hlutverk stýrihópsins er að gera tillögu að stefnu um hjólabrettaiðkun í Reykjavík.

Helstu verkefni:

- Kortlagning og þarfagreining á aðstöðu til hjólabrettaiðkunar í Reykjavík.
- Tillaga að stefnu um hjólabrettaiðkun með skilgreindan gildistíma.
- Stefnan skilgreini framtíðarsýn, markmið, aðgerðir til að ná fram markmiðum og mælikvarða til að meta framgang hennar.
- Kostnaðarmat tillagna og ábyrgðarskipting þeirra.

Stýrihópurinn skipa:

Þórgnýr Thoroddsen, fulltrúi íþróttar og tómstundaráðs (formaður).

Kjartan Magnússon, fulltrúi íþróttar- og tómstundaráðs.

Margrét Norðdahl

Starfsmenn:

Steinþór Einarsson, skrifstofustjóri rekstrar og þjónustu hjá ÍTR, Atli Steinn Árnason, fulltrúi skóla- og frístundasviðs, Edda Ívarsdóttir, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs og

Sigurður Guðmundsson, fulltrúi Íþróttabandalags Reykjavíkur.

Til ráðgjafar og samstarfs:

Stýrihópurinn leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu. Hópurinn boði til sín fulltrúa Brettafélags Reykjavíkur, Jaðars-íþróttafélags og aðra fulltrúa hagsmunasamtaka, sem ástæða er til að leita eftir samráði við.

Starfstímabil:

Stýrihópurinn skili ábyrgðarmanni niðurstöðum fyrir lok janúar 2018.

Reykjavík, [Dags.]

Dagur B. Eggertsson